

Fundargerð 160. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 28. október 2020, kl. 14.00, haldin á Teams fjarfundarbúnaði.

Mættir: Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarformaður,
Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður,
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður tilkynnti forföll.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borinn upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Tilboð Bird & bird.*

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn tilboð ráðgjafafyrirtækisins Bird & Bird vegna þróunarverkefnis við Keflavíkurflugvöll. Umræður. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Bird & Bird í takt við umræður stjórnar.

3. *Húsnæðismál.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn hugmyndir um nýtingu húsnæðis Kadeco að Skógarbraut 946. Stjórn þakkaði upplýsingarnar og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram í takt við umræður stjórnar.

4. *Asbru.is*

Framkvæmdastjóri lagði fram hugmynd um að gera afnotasamning um lénið www.asbru.is til áhugasamra aðila til 5 ára. Stjórn tók vel í málið og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram í takt við umræður stjórnar.

5. *Starfsmannamál.*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um ráðningu Guðmundar Kristjáns Jónssonar skipulagsfræðings til félagsins. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

6. *Önnur mál.*

Engin mál voru borin upp undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.05.

Undirritunarsíða

Steinunn Sigvaldadóttir

Ísak Ernir Kristinsson

Elín Árnadóttir

Einar Jón Pálsson

Reynir Sævarsson